

HERFJÖTUR

I

Það er mjög fróðlegt að bera saman sögu Franchezzos, eftir unnustu hans, Anitu Silvani, og „Gone West“, eftir J. S. M. Ward, og má bæði af því, sem líkt er og ólíkt í þessum sögum af lífi eftir dauða, marka að ekki er um skáldskap að ræða, heldur verið að reyna til að segja sem sannast frá. En einnig getur í slíkum sögum verið merkilegt efni til að athuga líkingu og mun á framlífi, þ. e. lífi framliðinna, á annarri jörð, og frumlífinu, þ. e. lífinu hér á jörðu, þannig að oss aukist skilningur á hvorutveggja, og er að því einkum stefnt í þessum kafla, eins og sjást mun síðar.

Eins og áður er drepið á, fáum vér af skiljanlegum ástæðum, ekki að vita vegna hvers unnusti Anitu Silvani leið fram til myrkheims, er hann dó; en í sögu Wards af O. — er ég læt mér nægja að nefna svo, — og líkt fór fyrir, er því ekki leynt, að hann hafði verið stórglæpamaður, m. a. myrt félaga sinn, og þrátt fyrir framúrskarandi hreysti, hafði hann verið sviptur liðsforingjatign og rækur ger úr breska hernum. Segi ég ekki þá sögu nánar, en tek þar til, er O. finnst hann vera að hrapa og hrapa í hræðilegu svartamyrkri. Að lokum verður þó fast undir fótum, og kemur hann á götuslóða, sem hann reynir til að fikra sig eftir, en fer stundum útaf og lendir í viðbjóðslegri forareðju. Hann furðar sig á því, að hann skuli þó komast nokkuð áfram, en skýringin er sú, að honum finnst eins og togað sé í hann í tiltekna átt. Og má þarna kenna eitt innsigli sannleikans. Því að þetta var meir en að finnast. Það var tiltekið aflsvæði, sem togaði hann til sín. Það er eitt af undirstöðulögmálum lífaflfræðinnar (Biodynamik), sem hér ræðir um. Þegar maðurinn deyr burt úr frumlífinu, kemur hann fram þar

sem allir eru honum líkir; þ. e. hið skylda almenna aflsvæði togar til sín einstaklingsaflsvæðið (entelekhíuna, „sálina“), sem losnar úr líkamanum, þegar hann er óhæfur orðinn til lífs. Í frumlífinu, eins og hér á jörðu ber ekki svo mjög mikið á þesskonar aðdráttarafl, af því að menn eru hér svo sundurleitir og ósamstilltir, en þó ber við, að það kemur einnig fram hér á jörðu, og að vísu stórfróðlega, eins og síðar skal sagt.

Segir nú enn af O. Hann heldur áfram í myrkrinu, eins og hann væri teymdur, eftir þessum vandfarna götuslóða, með forarfen til beggja handa. Og er honum finnst hann hafa lengi farið, kemur hann loks á grýtta sléttu, sem virðist vera stráð ösku (sbr. vikurauðnirnar í sögu Franchezzos hér áður). Enn heldur hann áfram, og líður nú ekki á löngu áður honum birtir nokkuð fyrir augum. Er þess ekki getið, hvernig á því hafi staðið, en telja má nokkurnveginn víst, að þar er um að ræða birtu frá eldunum í hinni miklu borg, sem hann er nú að nálgast (sbr. sögu Fr., þar sem slíkum eldum í mikilli myrkheimsborg er nánar lýst). Kemur O. nú brátt að miklum borgarmúr, finnur þar hlið og ætlar inn, en þá kveður við illilegt öskur og tveir býsna ófrýnilegir dyraverðir koma hlaupandi og gera sig líklega til að ráðast á hann. Þykist O. nú sjá, að í þessum stað muni einungis óvinum að mæta, en hann hræðist ekki, og býst til að taka á móti; bregður þá svo við, að ókindur þessar verða hræddar og leggja á flótta. Heldur O. nú áfram inn í borgina, og getur greint, eins og í þoku þó, margar og miklar byggingar. Gengur hann nú um stund eftir stórkostlegum götum, sem eru þó mjög óhreinar og útataðar. Fjöldi fólks er þarna á gangi og gera margir sig líklega til að ráðast á hann, en snúa undan, þegar þeir sjá að þarna muni ekki vera við neitt lamb að leika sér. Kemur O. nú í hug, að hann skuli verða fyrri til og sjá, hvort hann geti ekki kúgað einhvern til að vera þræll hans og fylgdarmaður um þessa miklu borg. Stekkur hann nú af mikilli grimmd á mann, sem verður á leið hans, og mun hafa verið ófrýnilegur ásýndum, því að maðurinn æpir af ótta og snýr undan. O. eltir hann ekki, en

staðnæmist, og skipar flóttamanninum með sjálfum sér, án þess að segja nokkuð, að koma til sín. Og sjá, maðurinn snýr við og kemur, en seint mjög, og líkt því sem hann væri dreginn, spyrnir hann jafnan fótum við, en verður þó alltaf undan að láta, uns hann er kominn til O., sem enn frekar gerir honum skiljanlegt að það sé hann sem ræður, með því að láta hann skríða fyrir sér, og skipar honum síðan að sýna sér borgina. Segir nú ekki hér af O. og þrælnum, sem hann hafði þannig eignast, fyrr en þeir koma að leikhúsi einu miklu. Var þar þröng mikil fyrir dyrum úti, og illur kliður, því að allir voru þar að hnakkrífast. O. lætur þetta ekki á sig fá, en ryðst að miðasölunni og dregur þrælinn með sér. Koma þeir síðan í áhorfendastúku og sér O. að nálega helmingur fólksins á í rifildi og áflogum. Og skammt frá honum er maður og kona að fljúgast á. Þetta hafði auðsjáanlega verið fyrirfólk í lífinu hér á jörðu, og enn mátti kenna, að hinar óhreinu druslur, sem utaná þeim héngu, höfðu einhverntíma verið skartklæði. Áflogunum lýkur svo að mannum tekst að kasta konunni í gólfið, og setur hann hana undir fætur sér og notar sem fótaskemil, en tilraunir hennar til að reisa sig upp reynast árangurslausar. O. og þrællinn urðu að fara framhjá hjúum þessum til að komast í sæti sín, og maðurinn segir þá við O.: „Þið skulið ekkert kæra ykkur um hana, ég hef gaman af því að láta hana vera gólfábreiðu, hún hefir gott af því“; sparkar hann síðan í konuna óþyrmilega, en þeir O. ganga á henni, og segir O., að sér hafi þetta undarlegt fundist, því að það hafi verið alveg eins og að ganga á lifandi líkama af holdi og blóði. Og vitanlega var það svo, en Ward (sá sem söguna ritar) er, alveg eins og Anita Silvani, óbifanlega sannfærður um, að framliðnir séu andar, og grunar ekki að menn eru framliðnir, alveg eins líkamlegir og þeir voru í lífinu hér á jörðu, og alveg eins jarðneskir, þó að jörðin sé önnur. Hefir þó hinn framliðni bróðir Wards sagt honum, að hann hafi eftir að „yfirum“ kom neytt matar og drykkjar eins og í lífinu hér á jörðu, en hætt því aftur, vegna þess að afleiðingar urðu hinar sömu og hér á jörðu, líkaminn gat ekki notað nema sumt af því sem

hann lét í sig, en varð að losa sig við hitt á óskemmtilegan hátt. Er þarna ágætt dæmi þess, hversu jafnvel gáfaðir og menntaðir menn geta verið eins og algerlega skilningslausir gagnvart hinum augljósustu sannindum, meðan einhverja undirstöðupekkingu vantar. En Ward hafði stundað háskólanám og tekið ágæt próf.

Ég sleppi að segja nákvæmlega frá skiptum O. við tvær stúlkur þarna í leikhúsinu, sem enda á því að hann treður þær fótum, en er þó það skárri manningum, sem áður er sagt af, að hann lofar þeim að standa upp aftur og setjast í sæti sín.

Nú er leiktjaldi svift, en sýningin hefst og áhorfendur kyrrast. Síðasti þátturinn gerist í pindingaherbergi trúarrannsóknarréttarins. Segir þá þræll O., að nú sé betra að fara, því að það bregðist ekki, að í sýningarlok taki trúarrannsóknarinn nokkra af áhorfendum upp á sýningarsvæðið og láti kvelja þá. Þrællinn hafði þetta ekki fyrr sagt en yfirrannsóknarinn (Grand Inquisitor) kemur fram, bendir á þrællinn og segir: „Komdu hér, vesall maður.“ Vesalings þrællinn verður blár af hræðslu, en stendur þó upp og heldur áleiðis upp að leiksviðinu líkt og hann væri teymdur. Nú verður O. reiður mjög, þykir sem ráðist sé á sig, ef taka á af honum þræl hans, og kallar til yfirrannsóknarans: „Þetta er minn maður, láttu hann vera, en ef þig langar til að pinda einhvern, þá pindaðu sjálfan þig.“ Nú varð óp mikið meðal áhorfenda, því að svo þótti sem von mundi á grimmilegu einvígi. Yfirrannsóknarinn leit til O. illilega, og sagði: „Það bregst mér ekki, að þú ert hér ókunnugur, annars mundirðu ekki þora að standa svona uppi í hárinu á mér. Það er best að það dragist ekki að þú fái fyrstu tilsögnina. Komdu hérna upp á leiksviðið, við skulum reyna með okkur.“ „Nei,“ sagði O., „komdu heldur hérna niður á meðal áhorfendanna.“ Hófst nú hið grimmasta einvígi, þar sem þeir reyndu hvors vilji mætti meira. Aðdrátturinn frá manningum á leiksviðinu var geisisterkur, en O. bifaðist þó ekki, en togaði óvininn á móti, með vilja sínum. Stóð svo um hríð, en alltíeinu kváðu við óp áhorfenda. Óvinurinn hafði orðið

að stíga fæti fram, í áttina til O. En á augabragði hafði hann rykkt sér afturábak, og O. fann nú, að honum var eins og hnykkt áfram snarplega. Óþ áhorfendanna höfðu truflað hann. En hann jafnaði sig fljótt og getur nú aftur kippt óvininum fram á leið, og síðan spor af spori fram á leikpalls-skörina, en þar nam hann staðar og spyrndi við í ofsalegri örvæntingu, og kom þó fyrir ekki, hann varð að stökkva fram af pallinum, og veinaði við; heldur hann nú áfram sem teymdur sé, uns hann er kominn að O., sem skipar honum að falla á kné fyrir sér, en síðan að fara upp á leiksviðið aftur. Gerir yfirrannsóknarinn það, en O. stekkur síðan upp á pallinn, og lætur nú aðstoðarmenn yfirkvalarans kvelja sjálfan hann á hryllilegasta hátt, eins og hann hafði látið kvelja svo marga aðra. Verður nú kæti mikil meðal áhorfenda, og eru ýmsir svo hrifnir af O., að þeir vilja fá hann fyrir höfðingja þar í borginni; en hann hafði kynnst keisarinum þar og færist undan; fara menn þá að hlæja og segja, að O. muni vera hræddur. Svarar O. því af mikilli reiði, og segir, að ef nokkur viðstaddur verði svo djarfur að segja frá því sem þarna hafði gerst, skuli sá hinn sami verða að þola ógurlegustu þjáningar. Gellur þá einhver við og segir, að keisarin muni veita þeim vernd, en O. lætur þennan mann undireins koma upp á sýningarpallinn og skipa böðlum rannsóknarréttarins að flá hann lifandi; og var það gert.

II

Segi ég þessa hryllilegu sögu svo ekki lengri, en því miður þarf ekki að efast um, að ekki er ýkt þar sem sagt er frá ógnum illra staða, heldur er svo að þar sem er hreinræktað hið illa, er gróið hafði fyrst á frumlífsjörð, eins og vor er, tekur lífið á sig hryllilegri myndir en svo, að orðum verði að komið. Er það augljóst, hve mjög ríður á því, að sem mest sé sneitt hjá sambandi við slíka staði, og breytt þannig um á jörðu vorri, að enginn deyi þaðan til slíks lífs, sem lifað er í myrkheimum. En þar er við ramman reip að draga, því að framhalds mjög margrar sögu, sem hér á jörðu hefir gerst, er einmitt að leita í illum stöðum, þar sem aldrei sér sól. Og

svo er um margt efni í sögum vorum; en þó má ekki gleyma því, að vígahugur hinna fornu Íslendinga átti svo oft rót sína í frændrækni og vinatryggð, fremur en að um drápgirni eðlisfarsins væri að ræða; og í hinni fornu íslensku löggjöf kemur fram ríkur hugur á að afstýra manndrápum.

III

Ég hefi sagt frá þessum framlífssögukafla einkum vegna þess, að þaðan bregður nokkru ljósi yfir það, sem nefnt er í Íslendingasögum herfjötur. Svo segir í Harðar sögu og Hólmverja, að Herði tekst að flýja, er óvinir hans höfðu handsamað hann, og fóstbróður hans með honum. „Refr sté á hest ok reið eftir þeim ok gat eigi náð þeim. Þá kom á Hörð herfjöturr ok hjó hann af sér í fyrsta sinn ok annat. Í þriðja sinni kom á hann herfjötrinn, ok þá gátu þeir kvíat hann, ok slógu um hann hring, ok stökk hann enn út yfir hringinn.“ Enn kemur þó á hann herfjöturinn, svo að óvinirnir geta elt hann uppi. Er af þessu skiljanlegt, að herfjöturinn þýðir það, að Hörður getur ekki hreyft sig, eða gerist a. m. k. svo þungfær, að óvinirnir ná honum. Er sögumanninum auðsjáanlega ekki ljóst, hvað um er að ræða, en af orðum Harðar „mikil tröll eiga hér hlut í“ o. s. frv., má þó ráða, að hann setur þessa heftingu, sem verður á flótta hans, í samband við forneskjustuddan vilja óvinanna á að handsama hann og drepa.

Miklu fróðlegri er frásögnin í Sturlungu, 3. bindi, Þórðar sögu kakala, Rvk. 1913, útgefandi Benedikt Sveinsson. Þar segir frá því, að Kolbeinn ungi reið eitt vor vestur á sveitir og með honum Brandur Kolbeinsson, til að klekkja á Sturlungum og þeirra mönnum. Voru í för þessari unnin mikil hryðjuverk, menn drepnir og meiddir. Skipt var liði, og var Brandur Kolbeinsson fyrir öðrum flokkinum. Þeir riðu „inn til Hvamms ok sá þar mann undir hlíðinni upp frá Akri, var þar Þorleifr, son Gils Þorleifssonar. Hann vildi hlaupa undan ok í fjallit, er hann sá þá, en þá kom á hann herfjötur, ok kunni hann ekki at ganga nema í móti þeim ok þó seint. En er þeir fundu hann, vágu þeir hann“ (s. 84).

Þarna kemur greinilega í ljós, hvað það er, sem kallað hefir verið herfjötur, og ber lýsingunni nákvæmlega saman við það sem segir í framlífssögunni, og áður er ritað. Það er um nokkurskonar fjaráhrif að ræða, frá huga til huga, og þau svo sterk, að þau buga gersamlega vilja þess sem fyrir verður, jafnvel þó að það sé vilji hans til að bjarga sér undan bráðum dauða. Þorleifur Gilsson er að flýja upp í fjall, og veit sér vísan dauða ef óvinirnir ná honum, en þó snýr hann við, og gengur í hendur þeim, en að vísu seint, hans eigin vilji er að reyna að streitast á móti, alveg eins og segir í dæmum þeim, sem til voru nefnd úr framlífssögunni.

Þess ber að gæta, að þarna var margra vilji settur á móti einum, 360 manns voru í þessari hroðalegu „herferð“ — er svo var nefnd — vestur á sveitir, en yfirhöfðingi liðsins, Kolbeinn ungi, var mesti grimmdarseggur, einbeittur mjög, og stóð af honum mikil ógn. Eins verður að hafa í huga, þegar meta skal sigra O. af þessu tagi, að hann hafði í lífinu hér á jörðu verið liðsforingi, grimmur mjög og einbeittur, eins og Kolbeinn ungi, og haft undir sér marga menn, sem hlýddu honum jafnvel þó að hann segði þeim að ganga út í opinn dauðann.

IV

Menn Kolbeins voru samstilltir mjög, og að vísu þó einungis til þess sem illt var, og hefir svo verið löngum hér á jörðu, að menn urðu, undir áhrifum mikilla foringja, samstilltastir um það sem illt var, eða a. m. k., þegar best lét, um að verjast illverkum með illverkum. Og svo að litið sé á vora eigin sögu, þá býst ég við að erfitt mundi vera að finna 100 menn, er hefðu verið jafn harðsnúnir að góðu verki, og brennumenn voru með Flosa, að því verki er foringinn sjálfur taldi rétt að nefna illt.

En þó gæti verið á hinn veginn, og þarf að vera, ef ekki á verr að fara. Menn reyni til að hugsa sér, hvað það mundi þýða, ef í þjóðfélagi væri til sterkur sameiginlegur vilji til þess sem rétt er og gott. Í slíku þjóðfélagi mundu ekki vera neinir glæpamenn. Réttur vilji margra mundi yfirbuga

rangar tilhneigingar þeirra, sem miklu færri væru. En til þess að vilja rétt þarf einnig að vita rétt, og það á talsvert hærra stigi en nú gerist. Allir yrðu að vita, að hverju takmarki stefna ber, fyrir hvern einstakling, hverja þjóð, og allt mannkyn. Og allir yrðu að hafa nokkra hugmynd um það, hverjar eru afleiðingarnar af því, eigi einungis hér á jörðu, heldur einnig lengra fram, að vilja ekki rétt. Það er hætt við því, að af aukinni þekkingu í lífaflfræði, kynni, ef ekki fylgdi nægileg þekking í lífennisfræði, að leiða meira illt en gott. Hver og einn verður að vita hversu takmarkið er að gera sjálfan sig fullkomnari, og að því takmarki verður ekki náð án áhuga á að hjálpa öðrum til hins sama.